



## Fundargerð Hverfisráð Bakkafjarðar

12. fundur í Hverfisráði Bakkafjarðar, haldinn mánudaginn 25. október 2021 kl. 17:00. Fundurinn var haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Skólagoðu 5, Bakkafirði.

Mættir eftirtaldir nefndarmenn og varamenn: Gunnlaugur Steinarsson og Rósa Björk Magnúsdóttir. Forföll tilkynntu: Áki Guðmundsson, Freydís Sjöfn Magnúsdóttir og Hafliði Jónsson.

Auk þess sátu fundinn: Jónas Egilsson sveitarstjóri, Jón Rúnar Jónsson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar, Halldóra Gunnarsdóttir verkefnisstjóri Norðurhjara og Gunnar Már Gunnarsson verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá

1. Verkefnisstjóri Norðurhjara kynnti störf félagsins og kynningarstarf fyrir svæðið, m.a. í tengslum við ferðakaupstefnu Vestnorden dagana 5.-7. október. Hverfisráð ræddi ýmislegt er snertir náttúruskoðun, gönguleiðir, og áfangastaði við Bakkafjörð.

Sveitarstjóri og verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar að skrifa Vegagerð varðandi aðkomu að Stapanum og Draugafossi, skv. ábendingum frá íbúasamtökum og hagsmunaaðilum ferðabjónustunnar.

2. Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar kynnti verkefnið „Heilsueflandi almenningssamgöngur í Langanesbyggð“ sem hlaut nýverið styrk frá samgönguráðuneytinu til frekari þarfagreiningar og undirbúnings, en markmiðið er að þróa heilsueflandi almenningssamgöngur á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar.

3. Ný drög að samfélagssáttmála milli íbúa, sveitarstjórnar og ríkis kynnt, en verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar tók saman ábendingar frá fulltrúum Byggðastofnunar. Næstu skref rædd.

Hverfisráð samþykkti breytingartillögur og verða þær kynntar fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjóri og verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar að draga saman hvað hefur áunnist í verkefninu Betri Bakkafjörður og koma með tillögu að næstu skrefum og áherslum til umræðu á fundum Hverfisráðs Bakkafjarðar.



4. Farið var yfir verkefnislista Hverfisráðs. Hafnarsvæðið rætt; öryggismál, frágangur og umgengni.

Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar að undirbúa skipulagða hreinsun á hafnarsvæðinu.

Hverfisráð ræddi strandveiðiafla ársins, löndun á Bakkafirði og þróun síðustu ára í þeim efnum.

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar beðinn um að taka saman löndunartölur síðustu ára fyrir höfnina á Bakkafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:55